

1861. skuldbindi sig til að kenna mönnum á Íslandi ókeypis prjóna-
 1. júním. vefnað, og gefa hverjum þar, sem þess æskir, kost á að sjá
 vefstaðinn og smíða eptir honum.

Með því Ólafur Guðmundsson hefir sent amtmanninum yfir
 vesturumdæminu, en hann aptur dómsmálastjórninni, skuldbind-
 ing sína í þessu efni, ritaða með eigin hendi, og þar að
 auki farið þess á leit, að vefstaðurinn yrði sendur til Reykja-
 víkur, þá er yður með bréfi þessu sendur prjónavefstaður þessi,
 gjörður úr járni, og annað það, er til hans heyrir; er hann í
 kassa, sem er auðkenndur O. G., og fylgja einnig 3 fótstykki úr
 eik, auðkennd á sama hátt; eruð þér beðnir að sjá um, að Ólafur
 Guðmundsson fái vefstaðinn, og að hingað verði send játning
 hans um það.

Því skal við bætt, að amtmanninum yfir vesturumdæminu
 hefir í dag verið ritað um, að vefstaðurinn sè sendur með
 póstkkipinu.

1. júním. **23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á
 alþingi, um dönsk lagaboð.**

Með bréfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra amt-
 maður, sem konungsfulltrúa á alþingi, þau almennu lagaboð m.
 m., er út hafa komið fyrir konungsríkið Danmörk árin 1859 og
 1860, til þess alþingi geti gefizt kostur á að fhuga, að hve
 miklu leyti virðist við eiga, að þau sèu lögleidd á Íslandi, og
 skal þess getið, að stjórninni ekki hefir þótt ástæða til að leggja
 neitt af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvarp samkvæmt
 konungsúrskurði 4. janúarm. þ. á. 1, að minnsta kosti ekki nú
 sem stendur.

1) Sjá kgl. auglýsing til alþingis 1. júním. 1861. I.